

Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra haldinn að Húnavöllum 24. Ágúst 2007 kl. 16:30 í tengslum við ársþing SSNV.

Mættir voru kjörnir fulltrúar á ársþing SSNV frá, aðildarsveitarfélögum menningarsamnings Norðurlands vestra við ríkið, auk Menningarráðs og starfsmanna SSNV.

Dagskrá:

1. Undirritun samstarfssamnings sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál.
2. Hefðbundin aðalfundarstörf.
Starfsskýrsla menningarráðs.
Ársreikningur.
Áætlanir kynntar.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

Guðrún Helgadóttir formaður Menningarráðs setti fundinn og lýsti dagskrá.

Lagði hún til að Rafn Sigurbjörnsson stýrði fundi og Þorleifur Ingvarsson og Katrín María Andrésdóttir rituðu fundargerð. Var það samþykkt og tóku þau til starfa.

1. Fulltrúar sveitarfélaga sem aðild eiga að menningarsamningi Norðurlands vestra við ríkið undirrituðu samstarfssamning sveitarfélaganna um menningarmál.

2. Guðrún Helgadóttir kynnti starfsskýrslu menningarráðs. Menningarsamningur við ríkið var undirritaður 1. maí sl.

Ingibergur Guðmundsson hefur verið ráðinn sem menningarfulltrúi og hefur hann störf á næstu dögum.

Næstu verkefni verða að auglýsa eftir umsóknum um styrki úr menningarsjóði og kynna starfsemi og hlutverk menningarráðs. Þá verður lögð áhersla á að mynda tengsl við önnur menningarráð, menningarfulltrúa og ráðuneyti menntamála- og ferðamála. Starfsskýrsla og áætlun hefur þegar verið send sveitarfélögunum til kynningar.

Guðrún fór yfir þær breytingatillögur sem liggja fyrir fundinum á samþykktum fyrir

Menningarráð Norðurlands vestra. Breytingartillögurnar voru sendar út til aðildarsveitarfélaga menningarsamningsins á Norðurlandi vestra fyrir fundinn.

Fundarstjóri bar tillögur að breytingum á samþykktum fyrir Menningarráð SSNV upp til afgreiðslu. Voru þær allar samþykktar án athugasemda.

3. Önnur mál – engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.